

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 122/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2002 frá 12. júlí 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/2/EB frá 28. janúar 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fæðurs og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/357/EBE <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun 2002/2/EB fellir úr gildi tilskipun 91/357/EBE <sup>(3)</sup> sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á II. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 79/373/EBE):  
„- **32002 L 0002:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/2/EB frá 28. janúar 2002 (Stjtið. EB L 63, 6.3.2002, bls. 23).“
2. Texti 14. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/357/EBE) falli brott.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54., 31.10.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 63, 6.3.2002, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 193, 17.7.1991, bls. 34.

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/2/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.